



3. stjórnarfundur HSV starfsárið 2023-2024. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, þriðjudaginn 23. nóvember, 2023 kl. 16:30.

Mætt eru Anton Helgi Guðjónsson, Hjördís Þráinsdóttir, Magnús Þór Bjarnason og Dagný Finnbjörnsdóttir sem ritar fundargerð.

1. Samstarfssamningur

Formaður ásamt framkvæmdastjóra hafa undanfarna mánuði fundað með formönnum aðildarfélaga HSV, tilefnið er endurnýjaður samstarfssamningur HSV og Ísafjarðarbæjar. Vel gekk að funda, næsta skref var að boða til formannafundar, fundargerð formannafundar má finna undarfundargerðir á heimasíðu HSV.

2. Svæðisbundnir starfsmenn

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirhugaðar breytingar sem svæðisbundnir starfsmenn á vegum UMFÍ og ÍSÍ kunna að hafa á sambandið, stjórn fagnar þessum áfanga og hlakkar til frekara samstarfs með héraðssamböndum á norðanverðum Vestfjörðum.

Formaður ásamt framkvæmdastjóra sátu gagnlegan fund á vegum ÍSÍ, UMFÍ og héraðssamböndunum HSB og HHS þar sem farið var yfir fyrirkomulag, næstu skref og þarfir svæðisins.

3. Önnur mál

Framkvæmdastjóri segir frá vel heppnaðri íþróttaviku Evrópu sem fór fram í september síðast liðin, var verkefnið unnið af HSV og Ísafjarðarbæ.